Brjef landshöfðingja *til biskupsins yfir Íslandi* **um skipting Hofssóknar í Norðurmúlaprófastsdæmi og byggingu nýrrar kirkju á Vopnafirði** — Eptir ósk Hofssafnaðar í Norðurmúlaprófastsdæmi og löglegri ályktun hlutaðeigandi hjeraðsfundar, skal jeg, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 30. f. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, veita samþykki mitt til þess, **121** 7. nóv.

1. *að* núverandi Hofssókn í Vopnafirði verði skipt í 2 sóknir, Hofssókn og Vopnafjarðarsókn;
2. *að* Hofssókn nái yfir allan innri eða efri hluta prestakallsins og takmarkist að utan af bæjunum Refsstað, Felli, Vakursstöðum og Þorvaldsstöðum, að þessum bæjum meðtöldum, en hinn hluti prestakallsins verði Vopnafjarðarsókn;
3. *að* fyrir þessa sókn sje byggð ný kirkja á Vopnafirði, og til þess varið þeim hluta af sjóði núverandi Hofskirkju, sem afgangs verður þá er hún er endurbyggð, með hæfilegri stærð og að öllu leyti í gildu standi, en að söfnuður hinnar nýju Vopnafjarðarkirkju að öðru leyti taki að sjer að koma henni upp, með hæfilegri stærð og í sómasamlegu standi, og með nægilegum áhöldum til guðsþjónustu; og
4. *að* hvor kirkjan skuli hafa allar kirkjutekjur úr sinni sókn, eptir að hin nýja kirkja er komin upp og að öllu leyti hæf til guðsþjónustu.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans á Seyðisfirði* **um undanþágu frá tollgreiðslu (af vistaforða).** — Í brjefi, dagsettu 22. september þ. á., hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá því, að með gufuskipinu »Ceres« hafi 11. júlí þ. á. flutzt auk tollvara þeirra, er stóðu á tollskrá skipsins frá Kaupmannahöfn, 1820 pottar af öli handa strandferðabátnum »Hólum«; hafi öli þessu verið skipað í land og það verið geymt hjá afgreiðslumanni »Sameinaða gufuskipafjelagsins« á Seyðisfirði, þangað til »Hólar« kæmu næst, er því hafi verið skipað út; hafi brytinn á »Ceres«, sem einnig gegni brytastörfum á »Hólum«, færzt undan að greiða toll af öli þessu, með því að hjer væri að ræða um vistaforða handa skipverjum á »Hólum«. Hafið þjer jafnframt lagt það undir úrskurð minn, hvort heimta skuli toll af umræddu öli. **122** 24. nóv.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar, að eigi skal heimta aðflutningsgjald af þeim 1820 pottum öls, sem hjer er um að ræða, sbr. ráðgjafabrjef 17. maí 1875 (Stj.tíð. 1875, B. bls. 38).

30. dag nóvember 1899.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.